



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FJÖLMÖRG SAMVINNUVERKEFNI ÍSLANDS OG MEXÍKÓ

Í viðræðum forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við forseta Mexíkó Felipe Calderón á fyrsta degi opinberrar heimsóknar forseta Íslands kom fram ríkur áhugi á að hrinda í framkvæmd fjölmörgum samvinnuverkefnum milli landanna.

Þar bar hæst virkjun jarðhita og annarra hreinna orkugjafa en Mexíkó hefur fjölpætta möguleika til að nýta sér reynslu Íslendinga á því sviði, nýjungar á sviði sjávarútvegs og fiskiðnaðar en þörf er á endurskipulagningu þeirrar atvinnugreinar í landinu, rannsóknir og samstarf háskóla og ýmis verkefni á sviði menningar, uppeldis og heilbrigðismála.

Fulltrúar íslenskra fyrirtækja og háskóla sem skipa viðskiptasendinefnd sem fylgir forseta Íslands í heimsókninni hafa átt viðræður við samstarfsaðila í Mexíkó og tekið þátt í sérstökum fundum um samvinnu landanna. Meðal fyrirtækja og stofnana í viðskiptasendinefndinni eru Landsbankinn, Glitnir, Geysir Green Energy, Háskólinn í Reykjavík, RES orkuskóli, Marel og Latibær.

Íslensku sjávarútvegsfyrirtækin Hólshyrna og Korní sem starfað hafa í Mexíkó undirrituðu á fyrsta degi heimsóknarinnar víðtæka samstarfs-samninga við stjórnvöld í mexíkóskum sjávarútvegi, og Latibær mun á öðrum degi heimsóknarinnar kynna samninga við WalMart í Mexíkó.

Forseti Mexíkó lýsti yfir eindregnum stuðningi við framboð Íslands til Öryggisráðsins og tilkynnti að Mexíkó vænti mikil af samstarfi við Ísland í ráðinu. Þá þáði hann með þökkum boð um að heimsækja Ísland til að styrkja enn frekar þau samstarfsverkefni sem hér væru á dagskrá.

Opinber heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar til Mexíkó hófst í gærmorgun, þriðjudaginn 11. mars, þegar forseti lagði blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnisvarða um frelsishetjur Mexíkó.

Forseti Mexíkó Felipe Caldrón Hinojosa og eiginkona hans Margarita Zavala tóku á móti íslensku forsetahjónunum í bústað forseta Mexíkó, Los Pinos. Eftir opinbera móttökuathöfn fóru fram viðræður forseta landanna með þátttöku Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Patriciu Espinosa Cantellano utanríkisráðherra Mexíkó. Í kjölfarið fylgdi fundur forsetanna með sendinefndum.

Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir undirritaði fyrir Íslands hönd þrjá samninga milli Mexíkó og Íslands, samning um tvísköttun, samning um samvinnu í orkumálum og samning um vegabréfsáritanir. Að loknum undirskriftunum ávörpuðu forsetar landanna blaðamannafund og gerði forseti Mexíkó þar ítarlega grein fyrir þeim árangri sem viðræðurnar hefðu skilað.

Síðdegis bauð sendiherra Íslands í Mexíkó, Albert Jónsson, Íslendingum búsettum í Mexíkó til móttöku. Um kvöldið flutti forseti fyrirlestur í boði Alþjóðamálaráðs Mexíkó og fjallaði hann um loftslagsbreytingar og orkumál, einkum reynslu Íslendinga af nýtingu jarðhita og gildi hennar í baráttunni gegn gróðurhúsaáhrifum. Núverandi og fyrrverandi umhverfisráðherrar Mexíkó tóku þátt í pallborðsumræðum að erindinu loknu.

Í dag 12. mars hefst dagskrá heimsóknarinnar með hringborðsumræðum um endurnýjanlega orku og mun Georgina Kessel orkumálaráðherra Mexíkó taka þátt í þeim ásamt fulltrúum íslenskra orkuskóla, orkufyrirtækja og fjármálastofnana.

12. mars 2008

Myndir frá fyrsta degi opinberu heimsóknarinnar má nálgast á heimasíðu forsetaembættisins síðar í dag og er hægt að fá þær sendar í góðri upplausn. Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400). Upplýsingar varðandi viðskiptasendinefndina veitir Guðjón Svansson (824 4470) hjá Útflutningsráði (511 4000).